

Reglur Fjarðabyggðar um framlög til stjórnmalasamtaka er bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga

Í 5.gr. laga nr. 162/2006 um fjármála stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra er kveðið á um að sveitarfélög með fleiri íbúa en 500 veiti stjórnmalasamtökum fjárframlög til starfsemi sinnar.

5. gr. Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum.

Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmalasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

Á grundvelli 5.gr. laga nr. 162/2006 eru reglur Fjarðabyggðar um framlög eftirfarandi.

- Framlag til stjórnmalasamtaka skal ákvarðað í fjárhagsáætlun ár hvert og skal eigi nema lægri fjárhæð en 250.000 kr. á ári. Úthlutun fer fram til þeirra stjórnmalasamtaka sem hlotið hafa a.m.k. 5% atkvæða eða einn mann kjörinn og skal framlagi hvers árs úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.
- Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að **ný** stjórnmalasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.
- Framlag skal greitt til stjórnmalasamtaka í samræmi við samþykktir þeirra.

Fjarðabyggð 7.september 2018


Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri



Samþykkt í bæjarráði 3. september 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 6. september 2018